

BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Arion banka hf. 16.3.2021

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að gerð verði grein fyrir eftirfarandi afstöðu af fundarstjóra áður en gengið er til atkvæða um eftirfarandi dagskrárliði og að afstaðan verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

Dagskrárliður 6 – Þóknun til stjórnarmanna o.fl.

Gildi-lífeyrissjóður greiðir atkvæði gegn tillögunni þar sem fjárhæðir sem lagðar eru til eru töluvert hærri en það sem gengur og gerist hjá öðrum íslenskum bönkum og skráðum fyrirtækjum sem starfa á íslenskum markaði.


Dagskrárliður 7 – Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar og samsvarandi breyting á samþykktum

Gildi-lífeyrissjóður greiðir atkvæði gegn tillögunni í núverandi mynd á grundvelli þess fyrirkomulags sem lagt er til varðandi skipun nefndarmanna. Sjóðurinn telur að hún kalli á frekari umræðu meðal hluthafa sem erfitt er að fari fram á rafrænum fundi. Það er rétt sem fram kemur í greinargerð fyrirbyggjandi tillögu að nefndir skipaðar á þennan hátt séu til staðar á Norðurlöndunum en þær eru að jafnaði stærri og með aðkomu fleiri hluthafa. Þá hafa slíkar nefndir einnig oft heimild til að kalla til sérfræðinga sem vinna í umboði slíkra nefnda. Ekkert annað félag á íslenska markaðnum hefur farið þá leið sem lögð er til. Sjóðurinn telur heppilegra að sinni að félagið haldi sig við óbreytt fyrirkomulag varðandi skipan nefndarinnar.

Dagskrárliður 10 – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Gildi-lífeyrissjóður greiðir atkvæði gegn tillögunni. Stjórn bankans hefur ekki með fullnægjandi hætti rökstutt þörfina og tilgang þess að nýta heimild til þess að koma á fót árangurstengdu launakerfi, aukningu kaupréttta og áskriftarréttindum. Laun stjórnenda bankans virðast að mati sjóðsins, þegar tillit er tekið til möguleika á árangurstengdum greiðslum, kaupréttum og áskriftarréttindum, hærri en það sem gengur og gerist hjá öðrum íslenskum bönkum og skráðum fyrirtækjum sem starfa á íslenskum markaði. Sjónarmið sjóðsins hvað varðar áskriftarréttindi til starfsmanna var komið á framfæri á framhaldsaðalfundi bankans 2020. Ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi að einhverju marki er eðlilegt að gætt sé að heildarsamengi, m.a. að föst laun séu að sama skapi lægri samanborið við félög þar sem slík kerfi eru ekki til staðar. Þá er mikilvægt að slík kerfi hvetji ekki til óeðlilegrar áhættutöku. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins og framkvæmd hennar til endurskoðunar með þessi sjónarmið í huga.

Reykjavík, 11. mars 2021



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri